

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Upplestur.

1. gr.

Upplestur er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð. Heimili Upplesturs og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé Upplesturs er kr. 600.000, krónur sexhundraðþúsund 00/100. Stofnféð hefur verið greitt af eftirfarandi aðilum:

<i>Nafn:</i>	<i>Kennitala:</i>	<i>Fjárhæð:</i>
Helga Hjörvar	020743-3609	10.000
Helgi Hjörvar	090667-4839	10.000
Þórhildur Elín Elínardóttir	140467-3409	10.000
Netbankasjóðurinn	630502-2330	570.000

Eigi má fara með eigur stofnunarinnar eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hennar eða stuðlar að framgangi þeirra.

3. gr.

Markmið Upplesturs er að styðja og styrkja blinda og sjónskerta, menningarstarfsemi og þar með talið upplestur bóka og bókmennta og miðlun hans. Komi til að sjálfseignarstofnuninni verði slitið mun fjármunum hennar eingöngu verða varið til málefna í þágu almannaheilla í samræmi við tilganginn eins og honum er lýst í grein þessari.

4. gr.

Í stjórn Upplesturs sitja Helgi Hjörvar, kt. 260249-2319, Helga Hjörvar, kt. 020743-3609 og Þórhildur Elín Elínardóttir, kt. 140467-3409. Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn stofnunarinnar og skal hann þá um leið tilnefna nýjan varamann í sinn stað. Stjórnin kys formann stjórnar, varaformann, gjaldkera og skiptir að öðru leyti með sér verkum til eins árs í senn, í fyrsta sinn á stofnfundi í nóvembermánuði 2004. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Falli atkvæði á stjórnarfundum jafnt hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi. Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef einn stjórnarmaður krefst þess. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók. Formaður kemur fram fyrir hönd Upplesturs og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

5. gr.

Stjórn Upplesturs fer með æðsta vald stofnunarinnar, mótar stefnu og starfstilhögun og vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr. Stjórnin hefur yfirumsjón og eftirlit með öllum mál-efnum, eignum og rekstri Upplesturs, setur henni og starfsfólki reglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð

á fjárvörslu Upplesturs. Formaður kemur fram fyrir hönd Upplesturs og er forsvarsmaður stofnunarinnar á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að yfirfara reikninga Upplesturs. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir um sérstök verkefni. Boða skal ársfund fyrir lok maímánaðar með a.m.k. viku fyrirvara. Á ársfundi skal stjórn leggja fram skýrslu um starfsemi ársins, ársreikning fyrir undangengið fjárhagsár ásamt áætlun um starfsemi komandi árs. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé Upplesturs hefur verið ráðstafað á því ári, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988.

6. gr.

Tekjur Upplesturs eru eftirfarandi: Stofnfjárframlag, framlög aðila samkvæmt samningum stofnunarinnar við þá, framlög opinberra aðila, fyrirtækja, samtaka og einstaklinga og aðrar sértekjur.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki stjórnar og með heimild dómsmálaráðherra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Sama gildir um ákvörðun um að leggja Upplestur niður. Í því tilviki skal eigum Upplesturs ráðstafað með tilliti til markmiða stofnunarinnar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.